

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	22.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Vinnslustöðin hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Í mælingu sem var gerð í desember 2024 var styrkur efna í frárennsli verksmiðjunnar hærri en er heimilt skv. starfsleyfi. 2) Ópið niðurfall er í efnageymslu verksmiðjunnar. 3) Í efnageymslu eru illát sem innihalda saltsýru og víttissóða geymd saman.

Ein ábending var sett fram um að hindra þarf að efni leki út úr efnageymslu verði óhapp í henni, t.d. með þröskuldi.

Tvö frávík sem varða að niðurstöður frárennismælinga árin 2022 og 2023 voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var, þann 22. maí 2025, farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar.

Starfsleyfi Vinnslustöðvarinnar var gefið út 17. september 2014, því breytt 12. september 2019 og gildir það til 17. september 2030. Starfsleyfið heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.200 tonnum af hráefni á sólarhring.

Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Borholur og nýtingarleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Eitt frávík kom fram í síðasta eftirliti árið 2024, þess efnis að svifefni og COD mældust yfir leyfilegum mörkum í mælingum í september 2023. Auk þess mældist, í sömu mælingum, of mikil fita í frárennsli hreinsistöðvar.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu árið 2024, önnur varðandi þykktarmælingar olútanka og hin að tryggja þurfi að spilliefni berist ekki í umhverfið, t.d. um niðurföll innandyra. Fjallað verður um ábendingarnar síðar í skýrslunni.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

TVN mælingar bárust eftirlitsaðila eins og krafa er um í starfsleyfi. TVN gildi mældist aldrei yfir 100 á tímabilinu frá júní 2024 til og með maí 2025.

Í eftirliti 2024 var sett fram ábending um að þykktarmæla þyrfti olútanka sem ekki var ljóst hvenær hefðu verið þykktarmældir (OH-2 og OH-3) og var það gert.

Eftirlitsaðili hefur móttengið umhverfisupplýsingar fyrir árið 2024, útstreymisbókhald barst þann 6. febrúar sl. og grænt bókhald þann 25. mars sl. Engar athugasemdir eru gerðar við skilin.

Sýni voru tekin úr frárennsli verksmiðjunnar 4. til 5. desember 2024. Frárennslið stóðst ekki þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi og er skráð frávík vegna þess.

- Borholur og nýtingarleyfi

Ein borhola er í verksmiðjunni. Hún gefur 250-400 m³/klst af sjó sem fer inn á lokað kerfi. Nýtingarleyfi hefur ekki verið gefið út.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. Gr. Reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

5. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum.

6. Önnur mál

Í eftirlitinu var minnt á að lýsislagnir 1 og 6 þarf að þrýstiprófa fyrir árslok 2025 og lýsislagnir 3, 4 og 5 þarf að þrýstiprófa árið 2026. Lýsisgeymi 4 þarf að þykktarmæla árið 2026.

7. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Ný efnageymsla var skoðuð og er skráð frávik vegna opins niðurfalls á gólfi geymslunnar. Auk þess er rekstraraðila bent á að hindra þarf að efni leki út úr geymslunni verði óhapp í henni, t. d. með þröskuldi. Í efnageymslunni eru saltsýra og vítissóði geymd saman en það getur ekki talist „tryggur háttur“ sbr. 16. gr. efnalaga nr. 61/2013 og er því skráð frávik vegna þess. Enn eru framkvæmdir í gangi við nýtt hreinsivirki verksmiðjunnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.17 í starfsleyfi	Í mælingu sem var gerð í desember 2024 var styrkur efna í frárennsli verksmiðjunnar hærri en er heimilt skv. starfsleyfi.
Gr. 2.24 í starfsleyfi	Opið niðurfall er í efnageymslu, en skv. starfsleyfi skal, við geymslu efna, takmarka mengunarhættu eins og kostur er.
Gr. 16 í efnalögum nr. 61/2013	Ílát sem innihalda saltsýru og vítissóða eru geymd saman, en skv. 16. gr. efnalaga nr. 61/2013 skal geyma hættuleg efni á tryggan hátt.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að setja þarf þröskuld á efnageymslu til að hindra að efni leki út úr geymslunni verði óhapp í henni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.07.2025


Freyr Ávarsson

